



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

YFIRLÝSING UM LOFTSLAGSMÁL

Forseti Austurríkis, Alexander Van der Bellen, hefur sent frá sér yfirlýsingu um loftslagsmál með stuðningi margra þjóðarleiðtoga í Evrópu, þeirra á meðal forseta Íslands, Guðna Th. Jóhannessonar. Í yfirlýsingunni er hvatt til að þjóðir heims standi saman um að draga úr neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga sem nú ógna íbúum víða um jörðina.

Tilfni yfirlýsingarinnar er loftslagsráðstefnan, sem senn verður haldin í Katowice í Póllandi, en efnt er til hennar í framhaldi af ráðstefnunni sem haldin var í París árið 2015.

Íslensk stjórnvöld hafa samþykkt „aðgerðaáætlun í loftslagsmálum 2018-2030“ og er undirritun forseta Íslands undir þessa yfirlýsingu í anda stefnu ríkisstjórnarinnar í þessum málaflokki. Í aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar er megináhersla lögð á orkuskipti í samgöngumálum og átak í kolefnisbindingu.

Í yfirlýsingu Evrópuleiðtogganna segir meðal annars þetta:

(1) Loftslagsbreytingar fela í sér verulega áskorun á okkar dögum.
(...)

(2) Áhrif loftslagsbreytinga liggja fyrir með eindregnum hætti og birtast víða á hnettinum: Veruleg aukning í hitabylgjum, flóðum, þurrkum, aurskriðum, bráðnun jökla og hækkun sjávarborðs. Meðal

afleiðinga eru vatnsskortur og uppskerubrestur og sums staðar hörmungar á borð við hungursneyð og landflóttu. (. . .)

(3) Undanfarna öld hefur meðalhitastig jarðar þegar hækkað um sem nemur einni gráðu samanborið við tímann fyrir iðnbyltingu. Þessi hraða hitabreyting er einsdæmi í sögu mannkyns. (. . .)

(8) Við undirrituð, sem erum þjóðhöfðingjar og forystumenn ríkisstjórna, erum sannfærð um að áhrifaríkar aðgerðir í baráttu gegn loftslagsbreytingum eru ekki aðeins nauðsyn í sjálfum sér heldur munu þær skapa jákvæðan árangur og ný tækifæri í hagkerfum okkar og samfélögum. Við teljum að markvissar aðgerðir geti stuðlað að þróun jarðar í átt að öryggi, friði og velmegun. (. . .)

(11) Við hvetjum bæði alþjóðasamfélagið og alla sem aðild áttu að Parísarsáttmálanum til að taka höndum saman og stöðva loftslagskreppuna eins hratt og mögulegt er. (. . .)

Loks má nefna að þetta átak notar merkinguna #ClimateAmbition á félagsmiðlum (sbr. <https://www.bundespraesident.at/aktuelles/detail/news/climate-ambition/>).

23. nóvember 2018

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946) og Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028).